

## **Oddafélagið - aðalfundur 2019**

Aðalfundur Oddafélagsins 2019 var haldin í Oddahjáleigunni Ekru, mánudaginn 29. júní 2020 og hófst kl. 17:00

Alls voru 17 mættir til aðalfundarins. (sjá meðfylgjandi mætingarlista) Ath. Ritara láðist að biðja Bergþóru Þorkelsdóttur að undirrita mætingarlista, en hún hafði tafist.

Ágúst, formaður Oddafélagsins, bauð fólk velkomið til fundar í Ekru og útskýrði ástæður þess að tveir aðalfundir eru haldnir þennan dag, fyrir árin 2018 og 2019. Hann lagði til að Árni Bragason yrði fundarstjóri og Friðrik Erlingsson fundarritari. Það var samþykkt.

Fundarstjóri tók til starfa og kannaði hvort athugasemdir væru við boðun fundar. Svo var ekki. Fundarstjóri fór yfir dagskrá fundarins og gaf formanni orðið. Þá var gengið til hefðbundinna aðalfundastarfa samkvæmt boðaðir dagskrá.

### **1. Skýrsla stjórnar**

Skýrslu stjórnar fyrir árið 2018 var dreift til fundarmanna og Ágúst, formaður, las skýrsluna fyrir fundinn. Skýrslan er aðgengileg á vef Oddafélagsins [www.oddafelagid.net](http://www.oddafelagid.net)

### **2. Reikningar félagsins**

Erna, gjaldkeri, fór yfir ársreikninga Oddafélagsins fyrir árið 2018.

### **3. Umræður um skýrslu og reikninga og þeir bornir upp til samþykktar.**

Orðið var gefið laust um skýrslu stjórnar og ársreikning. Þór Jakobsson, heiðursfélagi Oddafélagsins, vildi nota tækifærið og þakka stjórninni fyrir góð störf, og þá sérstaklega Oddahátíðina 2018. Drífa Hjartardóttir tók undir það. Erna gjaldkeri upplýsti að margir nýir félagar hefðu bæst við eftir Oddahátíðina.

Árskýrsla Oddafélagsins fyrir árið 2018 var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Ársreikningur Oddafélagsins fyrir árið 2018 var borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

### **4. Kosningar**

Samkvæmt samþykktum félagsins er kjörtímabil stjórnar tvö ár. Því er stjórn óbreytt frá fyrra ári.

Fundarstjóri lagði þá til að aðalfundi 2019 yrði slitið, en ákvarðanir um árgjald og önnur mál yrðu rædd samkvæmt dagskrá aðalfundar 2020.

Það var samþykkt samhljóða og fundi slitið kl. 17:40

Aðalfundur Oddafélagsins 2019 – mætingarlisti:

Frída Svínssón

Hlasi Þorláksson

Ólafur Hjartarson

Þór Jakobsson

Anni Þorjónsdóttir

Ólafur Guðmundsson

Ólafur Þorláksson

Jónanna Jónsdóttir

Sigrún Þorláksson

Jóna Þorláksson

Ólafur Svínsson

Sigurður Þorláksson

Kristín Halsteinsdóttir

Ólafur Þorláksson

Einung sat fundinn þessum meðaldrögu